

Evrópusamstarf

A Message in a Bottle (Flöskuskeyti)

Skólinn er þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni sem kostað er af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins og nefnist það „A message in a Bottle“. Um er ræða samstarf fjögurra skóla í jafn mörgum löndum - Íslandi, Litháen, Portúgal og Tékklandi. Hver skóli stjórnar hluta verkefnisins í tiltekinn tíma en síðan tekur sá næsti við. Meginþemað er vatn. Nemendur vinna að margvíslegum verkefnum þar sem fjallað er um mikilvægi og notagildi vatns í hverju landi fyrir sig. Verkefni eru síðan kynnt í skólaheimsóknum þar sem nemendur vinna jafnframt að verkefnum sem móttökuskólinn stýrir. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist þvert á landamæri. Þeir ræða saman í gegnum samskiptamiðla og gista á heimilum hvers annars í skólaheimsóknum. Hver skóli kynnir einnig eigin skóla, sem og land og þjóð, í heimsóknum sínum.

Verkefnið okkar er einnig á netinu. Sjá krækju:

<https://amiab.weebly.com/>

Heimsóknir milli samstarfslanda skólaárið 2018-2019

Ísland (samstarfskennarar hittast), 1.10. – 5.10.2018

Tékkland (nemendaferð með kennurum), 18.3. – 22.3.2019

Litháen (nemendaferð með kennurum), 27.5. – 31.5.2019

Tékkland (samstarfskennarar hittast), 10.6. – 14.6.2019

Íslandsheimsókn

Samstarfið hófst með Íslandsheimsókn kennara úr samstarfsskólunum. Vogaskóli hélt námskeið þar sem kennararnir lærðu að tileinka sér vefina Slack og Weebly til að halda utan um verkefnið. Kennararnir fengu einnig kynningu á skólanum og ræddu við nemendur og starfsfólk. Þá var farið á söfn og í skoðunarferðir þar sem megináherslan var á vatn í margskonar birtingarmyndum. Kennarahópurinn kynntist íslensku veðurfari vel en það var síbreytilegt meðan á heimsókninni stóð. Var meðal annars farið í útivistargöngu sem endaði í heitum læk. Heimsóknin gekk í alla staði vel þrátt fyrir rysjótt veður. Hópurinn náði vel saman og mynduðust góð tengsl á milli manna.



